

Nefndasvið Alþingis
Allsherjarnefnd
b/t Elínar V. Þorsteinsdóttur
nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 10. júlí 2009.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um embætti sérstaks saksóknara, nr. 135/2008, með síðari breytingum, og lögum um rannsókn á aðdraganda og orsökum falls íslensku bankanna 2008 og tengdra atburða, nr. 142/2008 (138. mál).

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem felur í sér eflingu embættis sérstaks saksóknara.


Viðskiptaráð Íslands benti á, það sem ráðið taldi, ýmsa annmarka í umsögn sinni þann 27. nóvember síðastliðinn við frumvarp til laga um embætti sérstaks saksóknara (141. mál). Að mati ráðsins fól frumvarp það í sér sjónarmið sem telja mætti frávik frá grundvallarreglum réttarríkisins þar sem rík áhersla var á að draga einstaklinga til ábyrgðar “ef minnsti grunur” væri til staðar um að framið hafði verið lögbrot. Að auki varaði ráðið við afnámi þagnarskylduákvæðis laga um fjármálafyrirtæki og því að ráðgert væri að fjöldi aðila á vegum ríkisvaldsins væru að vinna sama verk, með tilheyrandi óskilvirkni í verkaskiptingu. Gerði ráðið jafnframt athugasemd við að ráðast ætti í aukningu opinberra útgjalda, á þeim viðkvæmu tímum sem þá ríktu, og ríkja enn, í efnahagslífinu og stöðu ríkissjóðs.

Frá því embætti sérstaks saksóknara var stofnað hefur komið í ljós að áhyggjur ráðsins voru ef til vill full miklar, a.m.k. enn sem komið er. Þannig virðist því ekki vera til að dreifa að vikið hafi verið frá vandaðri lagaumgjörð um meðferð sakamála til skaða fyrir grundvallarreglur réttarríkisins. Verkaskipting á milli stofnana hefur að auki verið skýrð til muna og ekki verður betur séð en að verklagið sé skilvirk. Miklu skiptir fyrir embættið, rannsóknina, almenning og fyrirtækin í landinu að haldið sé áfram á þessari braut. Eins og kom fram í umsögn ráðsins frá 8. desember 2008 við frumvarp til laga um rannsókn á aðdraganda og orsökum falls íslensku bankanna (180. mál) er æskilegt að rannsókn af þessu tagi eigi sér stað og leiði hún til rökstudds gruns um saknæm athæfi á að sjálfsögðu að meðhöndla slíkt af fullri einurð í lögformlegum farvegi.

Nú eru níu mánuðir liðnir frá bankahruninu og á þeim tíma hefur óöryggi og, að miklu leyti eðlilegt, vantraust í garð íslensks viðskiptalífs staðið endurreisnarstarfinu fyrir þrifum. Margt þarf að færa til betri vegar í ranni viðskiptalífsins, en miklu skiptir einnig að faglegum, og þar með trúverðugum, rannsóknum sérstaks saksóknara á því sem miður fór verði hraðað. Bæði almenningur og viðskiptalíf þurfa á ákveðnum kaflaskilum að halda til að geta sameinað að fullu krafta sína í því endurreisnarstarfi sem framundan er.

Viðskiptaráð leggur til að frumvarpið nái fram að ganga.

Virðingarfyllt,



Haraldur I. Birgisson
Lögfræðingur Viðskiptaráðs